

Alþingi- skrifstofa
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

02.12.2002

Umsögn starfsmanna Rannsóknarráðs Íslands um þingmál 357, 336 og 345 um Vísinda - og tækniráð og opinberan stuðning við vísindarannsóknir, tæknipróun og nýsköpun.


Frumvörpin eru góður grunnur að áframhaldandi uppbyggingu rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Starfsmenn RANNÍS fagna því að nú sér fyrir endann á ítarlegri umræðu sl. tvö og hálf ár um framtíðarskipulag stuðningskerfis vísindarannsókna og nýsköpunar.

Starfsmenn RANNÍS vekja athygli á að frumvörpin kveða á aukin verkefni skrifstofu Rannsóknamiðstöðvar Íslands miðað við það sem nú er. Skrifstofan mun þjóna öllu vísinda- og tæknisamfélaginu, frá grunnvísindum og upp í nýsköpun. Nauðsynlegt er að taka þessa breytingu með í reikninginn þegar gengið verður frá nánara skipulagi skrifstofu og rekstri hennar.

Starfsmenn RANNÍS leggja höfuðáherslu á að frumvörpin verði afgreidd svo fljótt sem auðið er enda hefur gefist rúmur tími til að ræða efni þeirra. Engin ákvörðun er ævinlega það versta sem langvinn umræða lendir í.

Starfsmenn Rannsóknarráðs Íslands eru fúsir að skýra afstöðu sína til frumvarpanna á fundum nefndanna ef þurfa þykir.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd starfsmanna Rannsóknarráðs Íslands



Páll Vilhjálmsson